



Yfirlýsing um sjálfbærniáhættu

Nóvember 2023

Skjali þessu er ætlað að lýsa því hvernig eignastýring Arion banka (þ.e. eignastýring fagfjárfesta og einkabankabjónusta, hér eftir „Eignastýring“) vinnur að innleiðingu á greiningu og mati áhættuþátta tengdum sjálfbærni í fjárfestingarákvarðanaferli og fjárfestingarráðgjöf. Innleiðingarvinnan stendur nú yfir og eftirfarandi ferlar hafa því ekki verið að fullu innleiddir. Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“) skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni (e. sustainability risk, hér eftir „sjálfbærniáhætta“) sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Greining á sjálfbærniáhættu

Greining á sjálfbærniáhættu verður unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og mun hún fara fram áður en fjárfestingarákvörðun er tekin eða ráðgjöf veitt. Aðferðin við mat á sjálfbærniáhættu verður breytileg eftir því hvaða fjárfestingarkostur á í hlut, enda getur þýðing sjálfbærniáhættu, tímarammi og aðgangur að viðeigandi upplýsingum verið mismunandi á milli einstakra eignaflokka og tegunda fjárfestinga.

Greining bankans mun ná yfir hinar ýmsu birtingarmyndir sjálfbærniáhættu á einstaka fjárfestingar. Bankinn hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu (e. physical risk), þ.e. áhættu sem stafar beint af loftslagsbreytingum, og umbreytingaráhættu (e. transition risk), þ.e. áhættu vegna breytinga á lögum, viðmiðum eða aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar, á virði og/eða ávöxtun fjárfestingarkosta.

Eignastýring mun hafa aðgang að upplýsingum til greiningar á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferlinu eða áður en ráðgjöf er veitt. Upplýsingar eru, eftir atvikum, sóttar frá utanaðkomandi greiningarfyrirtækjum til fyllingar innra mati bankans. Við mat á sjálfbærniáhættu stakra verðbréfa verður framkvæmd greining á því hvernig sjálfbærniáhætta getur haft áhrif á vöruna. Greiningin mun byggja, eftir atvikum, á fyrirliggjandi upplýsingum um útgefandann, upplýsingum sem er aflað frá útgefanda og/eða upplýsingum frá utanaðkomandi greiningaraðilum. Við mat á sjálfbærniáhættu sjóða verður metið hvernig viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtæki horfir til sjálfbærniáhættu í fjárfestingum sínum fyrir hönd sjóðsins. Skorti nauðsynlegar upplýsingar verður kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá sjóðsstýringarfyrirtækinu.

Sambætting sjálfbærniáhættu við fjárfestingarráðgjöf og töku fjárfestingarákvarðana

Á grundvelli framan talinnar greiningar mun Eignastýring framkvæma mat á því hvernig sjálfbærniáhætta getur komið til með að hafa áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Mat á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávöxtun fjárfestingar verður loks borin saman við fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin eða fjárfestingarráðgjöf veitt.

Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu eða ráðleggingar um að fjárfesta í fjármálagerningi með slíka áhættu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem Eignastýring getur gripið til er að fjárfesta ekki í eða mæla ekki með vöru, minnka vægi vörunnar í eignasafni, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl. Mat á sjálfbærniáhættu getur falist í huglægu mati og notkun gagna frá þriðja aðila sem geta verið ófullnægjandi og/eða ónákvæm. Þó matið sé framkvæmt skv. bestu vitund á hverjum tíma er ekki hægt að tryggja að Eignastýring meti rétt áhrif sjálfbærniáhættu á fjárfestingar.

Útgáfa 1.0

15. nóvember 2023